

Fundargerð 12/9/22

Mættar – Sigurveig, Rósa, Anna Sjöfn, Elísa, Anna Lilja og Fanney

-Við ræddum aðstoð við heimanám, stærðfræði, er það einungis það sem er í boði eða má nota þetta val í hvað sem er?

-Vantar í foreldrafélagsfulltrúa 1., 3., 4., 7. og 10. Bekk – Anna Lilja talar við Þorberg á börn í 8.bekk, Sigurveig talar við Önnu Sóley á barn í 2.bekk.

-Viljum búa til minnisblað til Samtaka, að skólar leggi til að sækja fyrirlestur og Samtaka séu regnhlífin og sjái um greiðslur í gegnum skólana. Að fyrirlestrar séu opnir öllum foreldrum í bænum, svo foreldrar kynnist skólunum og svo við getum fengið fleira fólk á fyrirlestra.

-ADHD fyrirlestur?

-Rósenborg fræðsla, spyrja Skólastjórnendur hvenær fræðsla frá Rósenborg kemur inn í skólann og hver sér um hana.

-Ræddum bakslag í kynsegin fræðslu/hvar væri best að fá upplýsingar – Fanney skoðar það

-Minnisblað fari út til stjórnenda vegna fjáröflunar 10.bekkjara. Safna áheitum t.d. með lærdómsmarðoni svo foreldrar sjái ekki eingöngu um fjáröflun með sölu á Kjöti/fiski í gegnum facebook. Ræddum einnig það sem þyrfti að koma fram í minnisblaðinu að þessi fjáröflun þarf að vera gegnsærri og krakkarnir þurfa að vita hvað er til að fé og hvað þau þurfa að safna til að komast í ferðina.

-Bekkjarvöldin, náum við að koma þeim inn, ætlum eiginlega að leggja það fyrir forledra hvað þeim finnst á aðalfundi. Ættum við kannski bara að hafa foreldrakvöld, yngsta, mið og efsta stigs? Fanney sendir á stjórnendur.

-Skólaskyldu/kennsluframlag, vinkona Önnu Lilju er að skoða þetta og við þyrftum kannski að skoða þetta betur þar sem við fyrstu sýn lítur þetta ekki vel út. Anna Lilja skoðar með vinkonu sinni.

-óskum eftir framboðum til foreldrafélags með auglýsingu aðalfundar og mögulega óskum við eftir bekkjarfulltrúum á aðalfundi.

-gera eitthvað fyrir 1.-5. bekk í mótvægi við hópeflið sem 6-10. bekkur fékk frá Maríu.

Danskennari/gömlu dansarnir – Anna Lilja skoðar. Pikka í skólastjórnendur hvað þeim dettur í hug- Fanney, Sigurveig heyrir í 2.-3. bekkjar teymi og Rósa í 4.-5. bekkjar teymi.

Fundi slitið.